# ANDRÝMI



# Tímalína verkefnis

| | | |
|---|---|---|
| 18.11.2022 | Kynning | Verkefni kynnt fyrir Umhverfis- og skipulagsráði |
| 05.01.2023 | Ráðgjöf | Fundur með borgarhönnuði Reykjavíkurborgar |
| 28.12.2023<br>til<br>18.04.2023 | Vinnufundir | Kynningar- og markaðsáætlun unnin með Gunnari Víði og Aroni |
| 20.03.2023<br>til<br>26.04.2023 | Opið fyrir umsóknir | reykjanesbaer.is<br>MittReykjanes |
| 23.05.2023<br>til<br>29.06.2023 | Samningagerð | Viðtöl við umsækjendur<br>Óskað eftir frekari gögnum<br>Verkefnið framþróuð |

# Markaðssetning

## Vörumerkið: ANDRÝMI

Mikil vinna var lögð í að móta vörumerkið ANDRÝMI og vann Gunnar Víðir alla grafíska vinnu við logo og auglýsingar.
Aron sá um alla markaðssetningu á samfélagsmiðlum.




ANDRÝMI

Heildarkostnaður markaðssetningar: ca. 60.000 kr

# AUGLÝSINGAR






























# Verkefni

| Verkefni | Ábyrgðaraðili | Kostnaður |
|---|---|---|
| Menningarheimar mætast | Þórunn Þöll Egilsdóttir | 850.000 |
| Leiðin að hernum | Bergrún Ósk Ólafsdóttir | 750.000 |
| Vegglist | Seweryn Ernest Chwala | 700.000 |
| Útigallerí | Ingvi Laxdal Victorsson | 1.000.000 |
| Samfélagsgarður | Fanney Margrét Jósepsdóttir | 1.000.000 |
| Götulist | Júlía Auðbjörg Kristjánsdóttir Gränz | 400.000 |
| Listasmiðja | Ingvi Laxdal Victorsson | 150.000 |
| | Heildarkostnaður verkefna | 4.850.000 |

# Verkefni

| Verkefni | Ábyrgðaraðili | Samningur | Verklok |
|---|---|---|---|
| Menningarheimar mætast | Þórunn Þöll Egilsdóttir | 30.05.2023 | 26.06.2023 |
| Leiðin að hernum | Bergrún Ósk Ólafsdóttir | 24.05.2023 | 28.06.2023 |
| Vegglist | Seweryn Ernest Chwala | 23.05.2023 | 06.06.2023 |
| Útigallerí | Ingvi Laxdal Victorsson | 25.05.2023 | 01.09.2023 |
| Samfélagsgarður | Fanney Margrét Jósepsdóttir | 29.06.2023 | 03.09.2023 |
| Götulist | Júlía Auðbjörg Kristjánsdóttir Gränz | 30.05.2023 | 17.08.2023 |
| Listasmiðja | Ingvi Laxdal Victorsson | 31.08.2023 | 01.09.2023 |

# Menningarheimar mætast

850.000 kr

## Fjölmenningarhátíð
## 3. júní 2023

Khalifa Mushib skjólstæðingur í samræmdri móttöku flóttafólks kom með hugmynd til Alþjóðateymis Reykjanesbæjar um að elda mat frá hinum ýmsu þjóðum og bjóða frítt upp á. Khalifa vildi gefa til baka til samfélagsins og hafa áhrif til góðs fyrir samfélagið í heild.

Sjö fjölskyldur tóku þátt í verkefninu ásamt Khalifa og hans fjölskyldu, en boðið var upp á mat frá Venesúela, Írak, Afganistan og Sýrlandi.

Mæting á viðburðinn fór fram úr björtustu vonum og voru raðir farnar að myndast við kofana fyrir klukkan 14:00. Um tvö til þrjú hundruð manns mættu til þess að gæða sér á girnilegum heimagerðum fjölmenningarmat. Boðið var upp á Zumba danskennslu og börnin skemmtu sér konunglega í hoppukastala en einnig gátu þau fengið skrautlega andlitsmálun.










Afganistan



# Menningarheimar mætast



Starfsfólk | Ábendingagátt | Veftré | Stillingar | Translate

ÞJÓNUSTA | STJÓRNSÝSLA | MANNLÍF | MITT REYKJANES

## Góð mæting á fjölmenningarhátíð

Forsíða › Stjórnsýsla › Reykjanesbær › Fréttir & tilkynningar › Fréttir › Góð mæting á fjölmenningarhátíð

06.06.2023 | Fréttir

Fjölmenningarhátíðin **„Menningarheimar mætast“** fór fram síðastliðinn laugardag, 3. júní á Ráðhústorginu í Reykjanesbæ. Khalifa Mushib skjólstæðingur í samræmdri móttöku flóttafólks kom með hugmynd til Alþjóðateymis Reykjanesbæjar um að elda mat frá hinum ýmsu þjóðum og bjóða frítt upp á. Khalifa vildi gefa til baka til samfélagsins og hafa áhrif til góðs fyrir samfélagið í heild.

Sótt var um styrk til Andrýmis en Andrými er verkefni á vegum Reykjanesbæjar þar sem lögð er áhersla á að efla notkun á opnum svæðum í sveitarfélaginu, og stuðla að sjálfbærri þróun þeirra svæða.

Fjórar fjölskyldur tóku þátt í verkefninu ásamt Khalifa og hans fjölskyldu, en boðið var upp á mat frá Venesúela, Írak, Afganistan og Sýrlandi. Undirbúningsvinna hófst um morguninn í mötuneyti Ráðhússins og ríkti þar mikil gleði og spenna. Mæting á viðburðinn fór fram úr björtustu vonum og voru raðir farnar að myndast við kofana fyrir klukkan 14:00. Um tvö til þrjú hundruð manns mættu til þess að gæða sér á girnilegum heimagerðum fjölmenningarmat. Boðið var upp á Zumba danskennslu og börnin skemmtu sér konunglega í hoppukastala en einnig gátu þau fengið skrautlega andlitsmálun.

Slagorð Reykjanesbæjar er **„Í krafti fjölbreytileikans“** en það má með sanni segja að fjölmenningarhátíðin „Menningarheimar mætast“ hafi nýtt kraft fjölbreytts hóps bæjarbúa með mat og skemmtun að leiðarljósi. Hátíð sem þessi sameinar bæjarbúa og gefur þeim tækifæri á að kynnast og læra um menningu hvors annars. Fjölmenning auðgar og vonumst við til þess að hátíðin verði að árlegum viðburði.

Við hvetjum jafnframt einstaklinga og hópa til að sækja um Andrýmistyrk að ári til að skapa iðandi mannlíf og stuðla að sjálfbærri þróun í bæjarfélaginu.

**Reykjanesbær**

- Þjónustuver
- Starfsfólk
- Kortavefur
- Reykjaneshöfn
- Fréttir & tilkynningar
- Umsóknir og eyðublöð
- COVID-19 og Reykjanesbær
- Mitt Reykjanes
- Saga

**Fréttasafn**

- 2023
  - janúar – febrúar – mars
  - apríl – maí – júní – júlí
  - ágúst
- 2022
  - janúar – febrúar – mars
  - apríl – maí – júní – júlí
  - ágúst – september – október
  - nóvember – desember
- 2021
  - janúar – febrúar – mars
  - apríl – maí – júní – júlí
  - ágúst – september – október
  - nóvember – desember
- 2020
  - janúar – febrúar – mars
  - apríl – maí – júní – júlí



4 // VÍKURFRÉTTIR Á SUÐURNESJUM

## Fjölmenn fjölmenningarhátíð

*Andrými hleypt af stokkunum í Reykjanesbæ*

VF/JPK

**Það var margt um manninn í bókasafni Reykjanesbæjar og skrúðgarðinum í Keflavík á laugardaginn þegar íbúar Reykjanesbæjar fengu að njóta fyrsta viðburðar Andrýmis í sumar. Í bókasafninu var haldið upp á tíu ára afmæli Heimskvenna en að því loknu buðu erlendar fjölskyldur upp á matarveislu í skrúðgarðinum.**

Jóhann Páll Kristbjörnsson
johann@vf.is

Reykjanesbær óskaði fyrr í vor eftir hugmyndaríkum og áhugasömum einstaklingum eða hópum til að endurskilgreina torg og almenningssvæði sveitarfélagsins með tímabundnum lausnum. Verkefninu, sem gengur undir nafninu Andrými, er ætlað að stuðla að sjálfbærri þróun svæða og auka fjölbreytta notkun almennings á svæðinu. Andrými mun standa fyrir ýmsum viðburðum fram í miðjan september en fyrsti viðburðurinn var haldinn um síðastliðna helgi.

Margrét Lilja Margeirsdóttir, verkefnastjóri skipulagsmála hjá

„Þetta getur verið hvað sem er; viðburðir, listaverk, gjörningar. Þetta geta verið margskonar verkefni. Bara eitthvað sem er skemmtilegt, í krafti fjölbreytileika,“ sagði Margrét þá en nú segir hún þegar sé byrjað að lífga upp á bæinn með vegglistaverkum og þá verði haldið áfram að mála ruslafötur sveitarfélagsins auk annarra verkefna og uppákoma. „Eitt verkefna Andrýmis í sumar verður að byggja útigalleri sem mun standa fyrir þremur listasýningum og opnunarviðburðum í tengslum við þær. Þá mun listamönnum einnig gefast tækifæri til að sýna list sína í þessu

### Framandi matur og skemmtidagskrá í skrúðgarðinum

Þegar afmælisveislunni lauk í bókasafninu hélt veislan áfram í skrúðgarðinum. Þar buðu erlendar fjölskyldur gestum og gangandi upp á þjóðlega rétti frá heimalöndum sínum þegar fjölmenningarhátíðin Menningarheimar mætast var haldin. Fólki gafst færi á að gæða sér á gómsætum og framandi réttum frá Afganistan, Írak, Sýrlandi og Venesúela – girnilegum réttum sem eru ekki vanalega á borðum Íslendinga.

Ásamt því að borða góðan mat var hægt að skella sér í zumbakennslu og þá var hoppukastali og andlitsmálun í boði fyrir börnin.

Það var Khalifa Mushib, flóttamaður frá Írak, sem átti hugmyndina að hátíðinni en hún var haldin í samstarfi við alþjóðateymi Reykjanesbæjar og þótti heppnast afskaplega vel.

Það voru fjölmargir sýndu sig og sáu aðra þegar hátíðin fór fram eins og meðfylgjandi myndir sýna.

## Leiðin að hernum

750.000 kr

# Virkni - Sjálfbærni - Umhverfisásýnd

Verkefnið fól það með sér að smíða útiblómaker og bekki og leggja leiðina heim að húsnæði Hjálpræðishersins á Ásbrú. Leiðin liggur frá gatnamótum Grænásbrautar og Flugvallarbrautar að húsnæði Hjálpræðishersins. En einnig var umhverfi Hjálpræðishersins og Hertex glætt nýju og litríku lífi.

Verkefnið hefur það að leiðarljósi að endurnýta sem mest af hráefni og stuðla þar með minnkun á kolefnissporum og gefa hlutum sem annars væri hent nýtt líf. Með því að gefa hráefnin nýtt líf þá erum við á sama tíma að gefa þáttakendum í virkni nýja sýn, valdeflingu, virkni og efla sköpun í leik og starfi.

Það komu margir góðir aðilar að því að gera þetta verkefni að veruleika og aðstoða okkur við sjálfbærni. Þar má helst nefna til dæmis Bygg og Dalsgarður. 90% af því timbri sem við notuðum er endurnýtt til dæmis og vildum við helst ná að halda í það að hafa verkefnið sem sjálfbærast. Samvinnan og samhugurinn að taka þátt í svona flottu verkefni fór fram úr mínum björtustu vonum og erum við þessum aðilum sérstaklega þakklát því það opnar enn frekari möguleika á því að skapa meira fyrir sumarlok.

BYGG
~stofnað árið 1984~

Dalsgarður
-við gerum rósir








HERTEX







# Vegglist

700.000 kr

## Hringbraut





Vegglist var gerð á skúra í eigu Reykjanesbæjar við Hringbaut, Keflavík. Listamaðurinn kynnti fyrir verkefnastjóra 3 tillögur og var ákveðið að velja listaverk sem minnti á gamla bæinn í Keflavík, með risa stórum ketti á hjólabretti. Talið var að þessi mynd mundi bjóða upp á leik barna og skapa líflegan blæ á svæðið. Vegglistin var framkvæmd 27. maí til 6. júní.

Þessi framkvæmd hefur vakið mikla lukku í samfélaginu. Seweryn fékk mikla athygli frá gangandi og akandi vegfarendum á meðan á framkvæmd stóð. Hann deildi ljósmynd af verkinu inn á samfélagsmiðla og leyndi gleðin sér ekki.









# GalleRý Grind



1.150.000 kr

## Útigallerý: Menning og list

Útigalleríið var samfélagslegur vettvangur og opið rými þar sem menning og fólk með skapandi hugmyndir gat nýtt sér rýmið til afnota. Galleríið hélt myndlistasýningar og pop-up viðburði. Hugmyndin um galleríið var að virkja íbúa nærsamfélagsins með þátttöku.

Útigalleríið var hálfopið rými sem nýtist sem sýningarrými og rými fyrir aðra viðburði. Verkefnið var hannað og smíðað af Krumma og Fannari. Hönnun tók mið að aðgengi fyrir alla. Galleríið er smíðað í einingum, gólf klætt með pallarefni og veggir klæddir með spónarplötum. Veggir voru málaðir hvítir og listaverk voru varin með plexígleri.

Ótrúlega falleg stemming myndaðist í sumar meðal þeirra sem tóku þátt í sýningum hjá þeim og blandan hreint út sagt ótrúleg. Galleríið sýndi verk eftir reynda listamenn sem og skúffu listamenn. Allir voru velkomnir, hvort sem það voru nýir og óreyndir listamenn eða reyndari listamenn með margar sýningar á bakinu.

Draumur Gallerý Grind er að geta haldið þessu samfélagslega verkefni áfram, þar sem list og menning af öllum toga fær rými og vettvang til að blómstra. Gallerý Grind hefur nú þegar komið sér í samband á alþjóða vettvangi, sem gefur Reykjanesbæ tækifæri til að bjóða upp á samstarf milli landa, vinnustofa og erlendra gallerýa

## HUGGULEGUR GARÐUR

| Viðburður | Hvað var gert? | Tímasetning |
| --- | --- | --- |
| Opnunarhátíð Gallerý Grind | 6 ólíkir listamenn með samsýningu (1/3) | 01.07.2023 |
| Hljómsveitin Demo | Tónleikar | 08.07.2023 |
| Samsýning og flóamarkaður | 6 ólíkir listamenn með samsýningu (2/3) | 22.07.2023 |
| Samsýning og gjörningur | 6 ólíkir listamenn með samsýningu (3/3) | 12.08.2023 |
| Listasmiðja | Efni og áhöld fyrir gesti að skapa list. | 31.08.2023<br>01.09.2023 |






GALLERÝ GRIND
Ert þú að gera eitthvað skapandi ?
Gallerí Grind er útigallerí í Keflavík og er vettvangur fyrir fólk sem hefur áhuga á að deila sköpunargáfu sinni með samfélaginu. Endilega sendu okkur skilaboð ef þú vilt vera með.
@GALLERIGRIND
ANDRÝMI


GALLERÝ GRIND
LISTAFÓLK:
RAVEN LAXDAL
FANNAR MÁR SKARPHÉÐINSSON
KRISTÍN SIGURÐARDÓTTIR
ÓLI BJÖRN GUNNARSSON
AGNES YNJA MAGNÚSDÓTTIR
OPNUN
OPNUN
1. JÚLÍ KL: 15:00
Á BAUGHOLTSRÓLÓ
! VELKOMIN Á OPNUN GALLERÍ GRIND !
GALLERÍ GRIND ER SAMFÉLAGSLEGT MENNINGARVERKEFNI Í REYKJANESBÆ.
KOMDU OG EIGÐU GÓÐAN DAG MEÐ OKKUR
ANDRÝMI










GALLERY GRIND


Gallerý Grind Pop-Up Gallerí
Kynning
Innlegg
Myndir
Gallerý grind listasmiðjur í fullum gír
Opið í dag og morgun frá 15-20









# Götulist

400.000 kr

## Líflegt umhverfi

Markmið verkefnisins var að mála 10 ruslatunnur í samræmi við skissur. Tunnur voru pússaðar, grunnaðar, málaðar og lakkaðar. Verksali sá um efniskaup, leigu á búnaði og framkvæmd verkefnisins. Fengin var aðstaða til að framkvæma verkefni í Umhverfismiðstöð Reykjanesbæjar.





FEED
ME









**HUGGULEGUR GARÐUR**

1.000.000 kr

# Garður í miðbænum



Garðyrkjufélag Suðurnesja í samstarfi við Bókasafn Reykjanesbæjar stóð að verkefninu Huggulegur garður fyrir bæjarbúa í Reykjanesbæ sumarið 2023 með styrk úr ANDRÝMI. Garðurinn stendur við Tjarnargötu 12 og var frekar grár, kuldalegur og illa nýttur.

Eftir skoðun í garðinum var ákveðið að láta fallegt stuðlaberg halda sér og gera nýja bekki svo gestir geti tyllt sér niður og notið þess að vera í garðinum í grænu vistlegu umhverfi. Einnig var ákveðið að setja upp tvo hægindastóla og borð sem eru hönnuð í Reykjanesbæ. Gróðurinn sem var fyrir var bæði hreinsaður og ónýtum gróðri skipt út fyrir nýjan með áherslu á fjölbreytta flóru og liti.

Haldnir voru tveir vinnudagar í samfélagsgarðinum, fyrri í júní en seinni í ágúst. Á þá mættu um 35 sjálfboðaliðar en sérstaklega vel var mætt í júní. Allir voru velkomnir á öllum aldri og segja má að það heppnaðist vel því það mættu karlar og konur af fjölbreyttum uppruna auk barna. Sú vinna er óháð tungumáli og því gátu allir tekið þátt sem vildu og voru oft handabendingar látnar duga.

Í garðinum voru haldnir þrír “Pop up” viðburðir með lestri og útileikjum í garðinum og boðið upp á djús og kex. Sá síðasti var á Ljósanótt í Reykjanesbæ en þá var boðið upp á grillaðar kartöflur og te með blönduðu grænmeti og kryddjurtum úr garðinum. Þykkvabæjarkartöflur gáfu 10 kg. af smælki í verkefnið.

Eins og hefur verið farið yfir þá voru margir sem lögðu hönd á plóg, stórar sem smáar. Þetta var því svo sannarlega samfélagsverkefni og inngilding. Tekið hefur verið eftir því að börn og fullorðnir hafa komið í garðinn, skoðað, notið og fengið sér smakk af grænmeti. Verkefninu er lokið en mun lifa áfram fram eftir vetri með ýmsu móti.

# HUGGULEGUR GARÐUR

| **Viðburður** | Hvað var gert? | **Tímasetning** |
|---|---|---|
| Ertu með í mótun samfélagsgarðs? | Svæði hreinsað, tekinn upp ónýtur gróður. Tveimur stólum og borðum komið fyrir. Kryddjurtagarðar settir upp. | 15.06.2023 16:00-18:00 |
| Ertu með í fegrun samfélagsgarðsins? | Svæðið hreinsað, yfirfarið beð, settur jarðvegsdúkur og steinar. | 23.08.2023 16:00-18:00 |
| Skyndisprell í garðinum | Útileikir í góðu veðri. | 07.2023 13:00-15:00 |
| Töfrate með ferskum jurtum | Grillaðar kartöflur og te | 01.09.2023 17:00-18:00 |












ALLIR ÖRUGGIR
HEIM!









# HUGGULEGUR GARÐUR



Bókasafn Reykjanesbæjar

IS | EN

FORSÍÐA UM SAFNIÐ ÞJÓNUSTA SAFNKOSTUR VIÐBURÐIR ÁTTHAGASTOFA SUMARLESTUR Söfn Reykjanesbæjar

ÞÚ ERT HÉR: BÓKASAFN > VIÐBURÐIR > VIÐBURÐIR > ERTU MEÐ Í MÓTUN SAMFÉLAGSGARÐS?

## Ertu með í mótun samfélagsgarðs?

15.06 KL. 16:00-18:00

English and Polish below*

Garðyrkufélag Suðurnesja í samstarfi við Bókasafnið óskar eftir sjálfboðaliðum sem hafa áhuga á umhverfismálum, ræktun og samfélagsrými til þess að vera með í mótun samfélagsgarðs við enda á Ráðhúsi Reykjanesbæjar.

**Hvar: Bókasafn Reykjanesbæjar, Tjarnargötu 12**
**Hvenær: Fimmtudaginn 15. júní kl. 16-18**

Í þessum fyrsta áfanga ætlum við að hreinsa svæðið og taka upp ónýtan gróður. Allir velkomnir á öllum aldri. Gott er að vera með hanska.

Um verkefnið:
ANDRÝMI er í grunninn skipulagstæki sem er ætlað að stuðla að sjálfbærri þróun svæða, og til að auka fjölbreytta notkun almennings á svæðinu. Áhersla ANDRÝMA 2023 er í krafti fjölbreytileikans.



Bókasafn Reykjanesbæjar

IS | EN

FORSÍÐA UM SAFNIÐ ÞJÓNUSTA SAFNKOSTUR VIÐBURÐIR ÁTTHAGASTOFA SUMARLESTUR Söfn Reykjanesbæjar

ÞÚ ERT HÉR: BÓKASAFN > VIÐBURÐIR > VIÐBURÐIR > ERTU MEÐ Í FEGRUN SAMFÉLAGSGARÐSINS? | ARE YOU WILLING TO MAKE OUR COMMUNITY GARDEN BEAUTIFUL? | DOŁĄCZYSZ DO UPIĘKSZANIA NASZEGO OGRÓDKA PUBLICZNEGO?

## Ertu með í fegrun samfélagsgarðsins? | Are you willing to make our community garden beautiful? | Dołączysz do upiększania naszego ogródka publicznego?

Í DAG KL. 16:00

English and Polish below*

**Ertu með í fegrun samfélagsgarðsins?**

Garðyrkufélag Suðurnesja í samstarfi við Bókasafnið óskar eftir sjálfboðaliðum sem hafa áhuga á umhverfismálum, ræktun og samfélagsrými til þess að vera með í mótun og fegrun samfélagsgarðsins við enda á Ráðhúsi Reykjanesbæjar.

**Hvar: Bókasafn Reykjanesbæjar, Tjarnargötu 12**
**Hvenær: Miðvikudaginn 23. ágúst kl. 16-18**

Í þessum öðrum áfanga ætlum við að hreinsa svæðið, þrífa beð, setja jarðvegsdúk og steina. Allir velkomnir á öllum aldri. Gott er að vera með hanska.

Um verkefnið:
ANDRÝMI er í grunninn skipulagstæki sem er ætlað að stuðla að sjálfbærri þróun svæða, og til að auka fjölbreytta notkun almennings á svæðinu. Áhersla ANDRÝMA 2023 er í krafti fjölbreytileikans.



26 // VÍKURFRÉTTIR Á SUÐURNESJUM

Hilmar Bragi Bárðarson

## Útbúa huggulegan garð fyrir bæjarbúa

**Garðyrkjufélag Suðurnesja er í samstarfi við Bókasafn Reykjanesbæjar og Erasmus verkefni, sem stýrt er af Stefaníu Gunnarsdóttir forstöðumanni safnsins og Berglindi Ásgeirsdóttur umhverfisstjóra Reykjanesbæjar, um Andrými - huggulegan garð fyrir bæjarbúa. Garðurinn er á lóð Ráðhúss Reykjanesbæjar.**

Hugmyndin með verkefninu er að nýta svæði sem er austan megin við Bókasafnið, þar sem fyrir voru steyptir bekkir og beð, sem er frekar kuldalegt og illa nýtt. Nú er unnið að því að gera þetta svæði huggulegt fyrir íbúa bæjarins til að geta sest niður og notið dagsins.

Í garðinum er fallegt stuðlaberg og nú er unnið að því að koma fyrir nýjum bekkjum í stað steinbekkja sem enginn vildi setjast á. Gróðurinn sem er þar fyrir hefur verið illa hirtur og nú er unnið að því að skipta honum út og setja niður falleg tré, sumarblóm og sígrænan gróður. Það gæti lyft svæðinu upp allt árið um kring.

Í garðinum eru einnig gróðurkassar sem í eru kryddjurta/matjurtir sem íbúar bæjarins geta sótt í, taka með sér heim til eigin nota. Jafnvel að koma með annað í staðinn, nokkurs konar skiptimarkaður.

Umsjónarfólk verkefnisins um garðinn segja að hægt væri að bjóða upp á kennslu við að útbúa sinn eigin garð, hvort heldur á svölum eða í beði heima. Ef allt gengur vel er möguleiki á að útvíkka verkefnið.

Þau segja að umhverfisvitund hafi farið stigvaxandi í samfélaginu og meira hugsað um sjálfbærni og minni sóun. Þetta tengist því sem bærinn okkar stefnir að.

Hugmyndin er að erlendri fyrirmynd sem er á nokkrum stöðum á Norðurlöndunum eins og t.d. í Danmörku, þar er það kallast „Hygge garður."

Í sumar mættu um þrjátíu sjálfboðaliðar þegar byrjað var á framkvæmdum við garðinn og í síðustu viku mætti einnig hópur fólks til að hreinsa beð og planta. Þá voru væntanlegir smiðir til að smíða bekki.

Í þessari viku er hér á landi gestir frá Slóvakíu og Noregi að kynna sér garðinn og fleira, en þau eru í Erasmus+ verkefni með Bókasafni Reykjanesbæjar.

Stólarnir og borðið í garðinum kom frá Gunnari Má. Bekkurinn verður gerður af Fagmennska. Trjágróður kemur frá Glitbrá í Sandgerði en blómin frá Garðheimum.

# Tækifæri

| Áskorun | Tækifæri |
|---|---|
| Auglýsingafasi langur/ Umsóknartími framlengdur | Markaðsefni er fullunnið. Auðvelt að byrja fyrr á næsta ári. |
| Samningagerð | Fimm samningar undirritaðir í maí, einn í lok júní. Samningar þurfa að vera undirritaðir fyrir miðjan maí í síðasta lagi. |
| Auglýsingar viðburða | Stofna samfélagsmiðil fyrir ANDRÝMI. Skapa dyggan fylgjendahóp. |
| Fjöldi gesta | Mælanleg viðmið fyrir fjölda gesta. |
| Fjármagn | Auka fjármagn til næstu ára; meira fjármagn eykur gæði verkefna. |
| Launakostnaður starfsmanna Reykjanesbæjar | Sæki starfsmenn Reykjanesbæjar um styrk til Andrýma, verður lagt til að starfsmenn leggi fram vinnu til að tryggja að fjármagn fari í beina framkvæmd. |

ANDRÝMI

